

Reykjagarður hf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2022
UST202203-112/H.S.J.
08.12.01

Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Reykjagarðs hf., Ásmundarstöðum

Vísað er til umsóknar Reykjagarðs hf. um nýtt starfsleyfi, dags. 7. mars sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var út fyrir þéttbæru eldi alifugla, allt að 145.000 holdakjúklinga og 32. varphæna á hverjum tíma að Ásmundarstöðum, Ásahreppi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 8. september sl.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 9. september til og með 18. september.

Gildistími starfsleyfisins er til 23. september 2022. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **23. september 2023**.

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri